



Ef þú keyptir hlutabréf á síðasta ári verður þú að færa upplýsingar um kaupin á hlutabréfablað RSK 3.19. Í flestum tilvikum skal færa kaupin í flokkinn fyrir almenn hlutabréf.

## 1 Hvar finn ég upplýsingar um kaupin?

- Upphafssíða
- Framtal 202X
- 1.01 Forsíða
- 1.01 Tekjusiða Helga
- 1.01 Tekjusiða Svanhvít
- 1.01 Fjármagnstekjur
- 1.01 Eignir og skuldir
- Prentvæn útgáfa
- Sundurliðunarblað
- Afrit af framtali 202X
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl
- Rekstrarblöð Helgi
- Rekstrarblöð Svanhvít
- Fyrir bændur
- Leiðbeiningar
- Vista/geyma framtalið
- Villuprófun

Þú ættir að eiga gögn um kaupin. Best er að hafa þau við hendina.

Upplýsingar um nafnverð og kaupverð kunna að vera neðst á sundurliðunarblaði.

Upplýsingar um hlutabréfin þín kunna að vera á fleiri en einum stað á **sundurliðunarblaðinu** og því er mikilvægt að finna viðeigandi upplýsingar. Svona birtast upplýsingar um kaup á sundurliðunarblaðinu.

Íslensk hlutabréf - Kaup		Seljandi	Kaupdagur	Nafnverð	Gengi	Kaupverð
Svanhvít Sæmundsdóttir Patagónía hf.	490815-1450	18.08.202X	5.000	25,0000	125.000	

Ekki er öruggt að upplýsingar á sundurliðunarblaðinu séu réttar og því er góð regla að bera þær saman við gögn sem þú átt um kaupin.

Ef þú hefur engin gögn í höndunum og upplýsingar eru ekki á sundurliðunarblaðinu eru nokkrar leiðir til að afla upplýsinga.

- Upplýsingar um kaup á hlutabréfum sem eru rafrænt skráð er hægt að nálgast í heimabanka.
- Upplýsingar um nafnverð hlutabréfaeignar og þær breytingar sem urðu á nafnverði árinu ætti að vera hægt að nálgast hjá viðkomandi félagi.
- Væntanlega eru upplýsingar um útgreiðslu af bankareikningi í heimabankanum sem sýna kaupverð.

## 2 Hvernig skrái ég kaup hlutabréfa?

- Upphafssíða
- Framtal 202X
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl
- 2.02 Greidd leiga
- 3.02 Eignakaup
- 3.02 sala eigna
- 3.03 Húsbyggingarskýrsla
- 3.15 Sala/innlausn verðbréfa
- 3.19 Hlutabréfaeign
- 3.25 Leigutekjur
- Rekstrarblöð Helgi
- Rekstrarblöð Svanhvít
- Fyrir bændur
- Leiðbeiningar
- Vista/geyma framtalið
- Villuprófun

Þar sem upplýsingar um kaup hlutabréfa eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að fara inn á hlutabréfablaðið og gera grein fyrir kaupunum.

**1. Byrjað er á því að opna hlutabréfablaðið.** Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl“ ef framtali er skilað með maka, en annars undir „Fylgiskjöl“.

**2. Næsta skref ræðst af því hvort þú áttir þegar hlutabréf í félaginu eða ekki.**

Ef þú áttir í félaginu er smellt á bláa hnappinn við hliðina á kennitölu félagsins

Ef þú áttir ekki í félaginu þarf að skrá inn kennitölu félagsins og velja svo bláa hnappinn. Ef það er ekki auður reitur fyrir nýja kennitölu, er smellt á hnappinn „Ný lína“.

### 1 - Almenn hlutabréf

Almennar upplýsingar	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags
410109-1230	H & L hf.
490815-1450	
» Ný lína	

## 3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir skráningu kaupanna

**Hlutabréf í eigu framteljanda í upphafi árs** Prep 1 af 4

Kennitala félags 4908151450 Kennitala eigarða 091084-2149 Hreinsa færslu

Nafn félags Patagónía hf.

Jöfnunarstuðull og verðbreytingastuðull eru notaðir (sjálfkrafa) vegna bréfa sem keypt voru fyrir 1996

Kennitala í árslok 1996 efhún er önnur

Jöfnunarstuðull til útriknings á jöfnunarverðmæti 1.0000

Kaupár Kaupár Kaupverð Verðbreytingarstuðull Framreiknað kaupverð

» Ný lína Ef kaup á bréfum í félaginu dreifast á fleiri ár er hægt að bæta við línum.

Stofnverð bréfa sem keypt voru 1996 og fyrir:

Nafnverð samtals 0 Samtal framreikna kaupverð 0

Kaupverð bréfa í félaginu sem framteljandi keypti 1997 og síðar 0 Jöfnunarverðmæti bréffanna 0

**Hlutabréfakaup og aðrar breytingar til hækkunar á árinu 202X** Prep 2 af 4

Kennitala félags 4908151450

Nafn félags Patagónía hf.

Hlutabréf keypt í félaginu á árinu 202X

Dagsetning	Kennitala seljanda	Nafnverð	Kaupverð
18.08.202X	4908151450	5.000	125.000

» Ný lína Nafnverð og söliverð færast sjálfkrafa í dálka 5 og 6 á RSK 3.19

Innborgun hlutafjár við stofnun hlutafélags færast hér að neðan sem „Aðrar breytingar til hækkunar á árinu“.

Aðrar breytingar til hækkunar á árinu 202X

Hvaða breyting? Kennitala Hækkun nafnverðs Hækkun kaupverðs

» Ný lína Breytingar færast sjálfkrafa í dálka 7 og 8 á RSK 3.19

Ef ekki er um að ræða hlutabréfakaup eða aðrar breytingar til hækkunar í þessu félagi á árinu, þarf ekki að fylla þennan kafla út.

» Ný lína

Hlutabréfablaðið **áður** en búið er að gera grein fyrir kaupum bréffanna

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptra hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði	9 Söliverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagn-aður/sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H & L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
» Ný lína		Samtals	100.000	100.000								10.000	2.200	100.000	100.000

Hlutabréfablaðið **eftir** að búið er að gera grein fyrir kaupunum

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptra hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði	9 Söliverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagn-aður/sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H & L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
490815-1450	Patagónía hf.			5.000	125.000									5.000	125.000
» Ný lína		Samtals	100.000	100.000	5.000	125.000	0	0				10.000	2.200	105.000	225.000

3. Ef þú áttir ekki í félaginu fyrir kaupin þarftu að færa inn kennitölu kaupanda bréffanna í prep 1 af 4. Ef þú áttir hlutabréf í félaginu fyrir kaupin eru þrepin þrjú.

Hér sérðu á hvaða þrepi þú ert.

Hér er hægt að hreinsa færslu ef gerð hafa verið mistök.

Hér á að færa inn hver er kaupandi bréffanna. Kaupandi getur verið þú sjálfur, maki eða börn.

Hér er flett á milli þrepa.

4. Upplýsingar um kaupin eru færðar í prep 2 af 4 (er prep 1 af 3 ef þú áttir þegar í félaginu) „Hlutabréfakaup og aðrar breytingar til hækkunar á árinu“.

Færðar eru inn upplýsingar um dagsetningu kaupa, kennitölu seljanda, nafnverð keyptra hluta og kaupverð í viðeigandi reiti.

Ef þú keyptir oftast en einu sinni í félaginu á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hver kaup fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína“ til að fjölga línunum.

5. Að lokum er smellt á hnappinn „Áfram“ til að komast er aftur á hlutabréfablaðið sjálft. Ekki er þörf á að fylla neitt út í þrepum 3 og 4 (er stundum þrep 2 og 3) nema hlutabréf í félaginu hafi verið seld á síðasta ári eða greiddur hafi verið út arður.